

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 149

Maí 2021

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

EFNI FRÉTTABRÉFS

Vegna kóvid hélt Jöklarannsóknafélags Íslands ekki hefðbundinn vorkund í ár. Í stað þess hélt rafræn erindaröð félagsins áfram með tveimur fræðsluerindum í mars og apríl, sem streymt var um alnetið.

Í þessu fréttabréfi er meðal annars sagt stuttlega frá fyrirhugaðri sumarferð í Jökulheima og frá nýliðnum aðalfundi, en í bréfinu eru einnig pistlar um sporðamælingar og afkomumælingaferð á Mýrdalsjökul.

SUMARFERÐ

Sumarferð JÖRFÍ verður farin í Jökulheima um Verslunarmannahelgina 30. júlí til 2. ágúst 2021. Félagsmenn, vinir og fjölskyldur velcomin. Ferðin verður auglýst nánar er nær dregur, bæði á vef og samfélagsmiðlum félagsins. Á síðastliðnu sumri varð kóvið til þess að fyrirhuguð sumarferð í Jökulheima féll niður en að þessu sinni gerum við ráð fyrir að veiran verði víðssfjarri.



Á Tungnaáröræfum. Horft til Kerlinga í Vatnajökli, milli Tungaárjökuls og Sylgjujökuls. Mynd: Hlynur Skagfjörð Pálsson.

PISTILL UM JÖRFÍ Í FRÉTTABRÉFI IGS

Í tilefni af 70 ára afmæli Jökларannsóknafélagsins (á síðasta ári) þá birti IGS, alþjóðlega jökларannsóknafélagið, pistil um JÖRFÍ í ICE-fréttabréfi IGS. Pistillinn var ritaður af tengiliði IGS á Íslandi, og birtist í lok síðasta árs: <https://www.igsoc.org/ice/>.

Við undirbúning afmælistýningar um JÖRFÍ, sem opnuð verður í Perlunni á haustmánuðum, hefur verið safnað mörgum ljósmyndum úr starfi félagsins og birtust margar myndir í ofangreindum pistli.

Hrafnhildur Hannesdóttir

AÐALFUNDUR 2021

Aðalfundur JÖRFÍ var haldinn með rafrænum hætti með fjarfundahugbúnaði þann 23. febrúar 2021. Hluti stjórnar JÖRFÍ var í fundarsal í Öskju, Náttúrufræðahúsi, ásamt fundarstjóra og ritara aðalfundar, Tómasi Jóhannessyni og Finni Pálsson. Í upphafi skýrslu sinnar minntist formaður Magnúsar Hallgrímssonar og Péturs Þorleifssonar, tveggja heiðursfélaga sem féllu nýlega frá. Endurskoðaðir reikningar voru samþykktir en afgangur var af starfseminni á árinu 2020 og árið var félaginu hagstætt. Aðalstjórn félagsins er óbreytt en í varastjórn var kosinn Hlynur Axelsson í stað Magnúsar Hallgrímssonar. Fundargerð aðalfundar er aðgengileg á vef félagsins: "<http://jorfi.is/>". Á fyrsta stjórnarfundum þann 2. mars skipti stjórnin með sér verkum og skipaði nefndarformenn. Skipan nefnda var staðfest á stjórnarfundum 3. apríl.

Stjórn JÖRFÍ 2021:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Andri Gunnarsson, varaformaður
Sjöfn Sigsteinsdóttir, gjaldkeri
Guðfinna Aðalgeirsdóttir, ritari
Sigurður Vignisson, meðstjórnandi

Varastjórn: Hrafnhildur Hannesdóttir, Hlynur Axelsson, Hálfán Ágústsson og Þóra Karlsdóttir.

Nefndir JÖRFÍ 2021:

Rannsóknanevnd: Andri Gunnarsson formaður, Alexander Jarosch, Bergur Bergsson, Bergur Einarsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur Pálsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Hálfán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Tumi Guðmundsson, Oddur Sigurðsson, Skafti Brynjólfsson, Snævarr Guðmundsson, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bilanevnd: Sigurður Vignisson formaður, Andri Hrafn Árnason, Árni Páll Árnason, Eiríkur Finnur Sigursteinsson, Garðar Briem, Hallgrímur Þorvaldsson og Þórður Örn Reynisson.

Skálanefnd: Sverrir Hilmarsson formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Eiríkur Kolbeinsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunnar Antonsson, Kristmundur Sverrisson, Leifur Þorvaldsson, Ragnar Þór Jörgensen, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason og Vilhjálmur S. Kjartansson.

Ferðanefnd: Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Hlynur Skagfjörð Pálsson, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson, Sveinbjörn Steinþórsson og Vilhjálmur S. Kjartansson.

Ritstjórar Jökuls: Bryndís Brandsdóttir, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

Ritnefnd Jökuls: Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

Skemmtinefnd: Steinunn Jakobsdóttir formaður, Ágúst Þór Gunnlaugsson, Garðar Briem, Halldór Ólafsson, Hlynur Skagfjörð Pálsson, Joaquin Belart, Katla Sigríður Magnúsdóttir, Þóra Karlsdóttir og Elísabet Atladóttir.

Valnefnd: Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

Gjörfi-nefnd: Þóra Karlsdóttir formaður og Ástvaldur Guðmundsson.

FÉLAGSGJÖLD JÖRFÍ

Félagsgjöld JÖRFÍ hafa nú verið hækkuð lítillega frá síðasta ári. Félagsgjöldin verða kr. 7.800,- á þessu ári en nemenda- og fjölskyldugjald verður kr. 3.900,-.

FRÉTTIR AF SPORÐAMÆLINGUM HAUSTIÐ 2020

Sjálfboðaliðar JÖRFÍ fóru til mælinga síðastliðið haust en þess verður að geta að þó nokkrir komust ekki vegna samkomutakmarkana og tilmæla sóttvarnaryfirvalda um að ferðast ekki á milli landshluta á haustmánuðum. Alls bárust mælingar frá um 40 sporðamælistöðum. Tekið var upp á því að birta myndir úr sporðamælingaferðum á facebook-síðu JÖRFÍ-félaga í haust og hefur það mælst vel fyrir. Með nýrri jöklavefsjá, sem brátt mun líta dagsins ljós, munu birtast myndir af fólki við sporðamælingar og viljum við hvetja menn til þess að senda okkur ljósmyndir á spordar@vedur.is.

Jaðar Sólheimajökuls og landslagið framan hans hefur breyst mikið undanfarin ár. Lónið heldur áfram að stækka og nær frá Hvítmögu vestan jökulsins og að Jökulhaus (austan megin). Mælingin er því framkvæmd með fjarlægðarkíki á nokkrum sniðum. Hopið fyrir miðju jökulsins er líklegast til að sýna raunverulegt hop jökulsins og er þar rúmlega 50 m.

Enn sem fyrr mælist framskrið á nokkrum stöðum, til að mynda við Morsárjökul og Skeiðarárjökul (á einni af þremur mælinum). Hafa þarf í huga að jaðar Skeiðarárjökuls er víða mjög aurborinn og skítugur og mælingar með fjarlægðarkíki því erfiðar. Eins er ekki auðvelt að greina á milli fljótandi íss og raunverulegs jaðars. Samkvæmt skýrslu Ragnars Franks er ljóst að ekki líða mörg ár þangað til að dauður ís brotni alveg frá Skeiðarárjökli og verður þá yfir 1 km að jökulsporði og því ekki hægt að nota jöklamerki 113.



Sporður Falljökuls og göngubrúin hægra megin. Mynd: Svava Björk Þorláksdóttir.

Svava Björk Þorlákssdóttir mældi Falljökul og Svínafellsjökul og ljóst að þeir hafa báðir gengið lítillega fram. Frá síðustu mælingu Falljökuls í október 2019 er nokkur munur á ásýnd jökulsporðsins þar sem hann virðist nú allur hærri og brattari. Samkvæmt heimamönnum gekk jökullinn fram, mögulega um nokkra tugi metra, síðastliðinn vetur (2019 – 2020) og var kominn nálægt færanlegri brú sem jöklagöngufólk notar til að komast yfir ána sem rennur úr jöklinum.

Mögulegt var að ganga meðfram jaðri Svínafellsjökuls þar sem jörð var frosin og vatnsstaðan í lóninu lág. Jökuljaðarinn er hærri núna en hann hefur verið um nokkurra ára skeið og lítur út fyrir að um framskrið sé að ræða, líklega um allt að 50 m. Austurríska fyrirtækið ENVEO vinnur hraðasviðsmyndir jökla út frá gervitunglamyndum og út frá þeim myndum er hægt að skoða hvort aukning hafi orðið í skriðhraða einstakra skriðjökla á mánaðar- eða ársgrundvelli. Hægt er að skoða slíkar myndir á eftirfarandi vefslóð: cryoportal.enveo.at.



Ný jökulsker í Reykjafjarðarjökli ofan Þaralátursfjarðar, séð frá flugvellingum í Reykjafirði. Mynd: Ragnar Heiðar Þrastarson.

Nýr umsjónarmaður er tekinn við mælingum á Reykjafjarðarjökli. Ragnar Heiðar Þrastarson tekur við keflinu úr hendi föður síns, Þrastar Jóhannssonar, sem sinnt hefur mælingum í 25 ár. Mæling jökulsins helst því áfram innan þeirrar fjölskyldu sem upphaflega tók að sér verkið. Guðfinnur Jakobsson, föðurbróðir Þrastar, mældi jökulinn í hálfu öld á undan Þresti. Frá húsum í Reykjafirði er nú farið að bera talsvert á jökulskerjum ofan við Þaralátursfjörð. Þau ganga upp frá jaðri

jökulsins á milli Ljótartjökuls og Paralátursjökuls og standa bændur í Reykjarfirði nú frammi fyrir því verkefni að nefna þetta nýja land.

Kaldalónsjökull hefur tekið miklum breytingum og dauðis gerir mælingamönnum erfitt fyrir. Jökultungan er nú alveg slitin frá meginjöklinum. Þótt ekki mælist hop er ljóst að jökullinn rýrnar mikið. Viðar Már Matthíasson, sem sinnt hefur mælingum frá árinu 2015, er búinn að finna arftaka og mun Þórður Halldórsson í Laugarholti taka við í haust. Við þökkum Viðari kærlega fyrir hans störf.



Leifur Jónsson og Ríkarður Már Pétursson ræða málin framan við Nauthagajökul. Mynd: Skúli K. Skúlason.


Leifur Jónsson og félagar fóru til mælinga á Nauthagajökli og Múlajökli og með í för var myndatökumaðurinn Skúli K. Skúlason. Hægt er að skoða myndefni frá ferðinni þeirra á eftirfarandi hlekk <https://vimeo.com/506609916>.



Punnur sporður Eystri Hagafellsjökuls og Tröllheita rís hátt í Jarlhettu röðinni. Mynd: Einar Ragnar Sigurðsson, 18. október 2020.

Hagafellsjökullar voru mældir í mjög góðu veðri og náðust í fyrsta skipti myndir af sporðunum með dróna Einars Ragnars Sigurðssonar. Jökuljaðar Vestri-Hagafellsjökuls var í þurrara lagi þannig að hægt var að komast upp á jökulinn án þess að sökkva upp undir læri.

Hallsteinn Haraldsson fór ásamt syni og sonarsyni til mælinga á Hyrningsjökli og Jökulhálsi í fallegu veðri. Jökuljaðar Hyrningsjökuls nær mjög mislangt fram og gæti örlítill hliðrun út frá línu haft talsverð áhrif á hversu mikið hopið mælist. Eins og síðastliðin 2 ár, var Jökulhálsinn hulinn snjó og því ekki auðvelt að greina jökuljaðarinn.



Hallsteinn Haraldsson og Hersir Jón Haraldsson við mælingar á Hyrningsjökli 5. september 2020. Mynd: Haraldur Hallsteinsson.

Í nýjasta hefti Jökuls birtist grein sem fjallar um sögu sporðamælinga frá upphafi verkefnisins en hún var rituð í tilefni af 70 ára afmæli félagsins á síðasta ári. Í haust munu Oddur Sigurðsson og Hrafnhildur Hannesdóttir halda erindi um sögu sporðamælinga. Við ritun greinarinnar voru skannaðar talsvert af eldri myndum af sporðamælingafólki sem gaman verður að sýna.

Hrafnhildur Hannesdóttir

AFKOMUMÆLINGAR Á MÝRDALSJÖKLI

Laugardaginn 15. maí var farið í árlega ferð til afkomumælinga á Mýrdalsjökli á vegum Jökларannsóknafélags Íslands. Lagt var af stað snemma dags og ekið að Ytri-Sólheimum og upp á Sólheimaheiði, en þar er gott aðgengi að jöklinum í um 800 m hæð. Færi var með besta móti, enda kalt í veðri og greiðfært á bílunum. Það rættist úr veðrinu, en dumbungur var yfir Eyjafjallajökli og ekki sérlega bjart þegar lagt var á jökul – en sólin skein skært norðan til á jöklinum og á Fjallabaki.

Að þessu sinni var stefnt á að mæla bæði vetrarafkomu Mýrdalsjökuls og Torfajökuls en hann hefur ekki verið mældur áður. Þrátt fyrir mjög öfluga vöktun ýmissa stofnana, þ.e. Jarðvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar og Veðurstofu Íslands, á stærstu jöklum landsins er minna vitað um afkomu minni jöklanna en þeir breytast einna hraðast þessi misserin. Þó eru stundaðar afkomumælingar á nokkrum jöklum á Tröllaskaga af þeim bræðrum Skafta og Sveini Brynjólfssyni.

Öflugt bílagengi skipað leiðangurstjórum frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans stýrði borunum á Mýrdalsjökli. Jökларauður var dæmdur úr leik á föstudagskvöldi en Hilux Raunvísindastofnunar hljóp í skarðið og alls fluttu því 4 jeppar mannskap, tæki og tól á jökulinn. Boraðar voru þrjár afkomuholur, sett upp veðurstöð sem safnar gögnum yfir sumarið og gerðar íssjármælingar til þess að meta breytingar á jarðhitakötlum og vatnssöfnun við botninn. Fjölmargir þátttakendur voru í hópnum, m.a. framhaldsnemar frá Háskóla Íslands og almennir félagsmenn í Jökларannsóknafélaginu, sá yngsti 10 ára. Einnig nýtti hópur frá Háskólanum í Reykjavík, sem rannsakar örplast í jöklum, tækifærið og slóst í för. Þeir pökkuðu kjörnum úr öllu vetrarlaginu (frá tveimur mælipunktum) inn í álpappír, settu í einangraða kassa og fluttu til Reykjavíkur. Snjóþykkt í afkomupunktunum var undir meðallagi eða um 8.5 m – 10 m og mest í syðsta punkti jökulsins að vanda.

Sérstök sveit skipuð sleðafólki, meðal annars úr Hjálparsveit skáta í Reykjavík, undir fararstjórn Andra Gunnarssonar, sótti að Sléttjökli (í



Við íssjármælingar á Mýrdalsjökli.

norðanverðum Mýrdalsjökli) og fór síðan alla leið upp á Torfajökul. Ekin var hefðbundin leið þvert yfir Mýrdalsjökul og punktur neðst á Sléttjökli boraður. Þar mældist snjóþykkt tæpir 4.5 m. Mikil óhreinindi, ryk og fíngerður leir var í yfirborði Sléttjökuls sem og í snjóhulunni norðan Mýrdalsjökuls. Þaðan var ekið yfir Mælifellssand inn að Strúts-skála og leið að Torfajökli þrædd um Skófluklif. Þrír afkomupunktur voru boraðir á Torfajökli, einn í vestursporði jökulsins sem leysir í Kaldaklofskvísl (~3 m snjóþykkt), einn á hábungunni (~5 m snjóþykkt) og einn á norðursporði sem leysir í Jökulgilskvíslina (~4.5 m snjóþykkt), sem svo sameinast Tungnaá. Að mælingum loknum var ekið um Fjallabak, Kaldaklofsjökull m.a. skoðaður auk annarra áhugaverðra staða. Sóttist ferðin mjög vel og öllum gögn sem stefnt var á að safna skiluðu sér. En fleiri Jörfi félagar voru á ferðinni, vélsleðahópur á vegum Villa Kjartans sem var á leið á Fjallabak heilsaði upp á leiðangurinn á Mýrdalsjökli. Bergur H. Bergsson frá Veðurstofunni vitjaði einnig um skjálftamæla og gps-tæki undir Goðabungu, á Entu og Austmannsbungu.

Afkomuferðir á Mýrdalsjökul hófust árið 2001 og eru orðnar að föstum lið hjá félaginu. Á komandi árum er stefnt að því að bæta við afkomupunktum á minni jöklum landsins, m.a. í Tindfjöllum og á Eya-fjallajökli. Afkoma minni jöklanna hefur hins vegar verið metin með fjarkönnunargögnum, en þá eru yfirborðsgögn frá mismunandi árum skoðuð og meðaltalsbreyting í hæð notuð til þess að áætla afkomuna. Eins og vel er þekkt hafa sjálfboðaliðar Jökларannsóknafélagsins vakt

breytingar á jökulsporðum í áratugi en elstu mælingarnar eru frá 1930. Það er ekki úr vegi að láta reyna á að fjölga rannsóknaverkefnum á vegum félagsins og kynna afkomumælingar fyrir áhugasömum félögum og öðrum. Hugmyndir eru uppi um að efna til samstarfs við landverði og ferðafélög á þeim svæðum þar sem nýir afkomupunktur verða teknir. Ýmist eru skildar eftir plaststikur (á safnsvæðinu) eða vírar (á leysingarsvæðinu) sem vitja þarf um á haustmánuðum til þess að mæla sumarleysinguna.

Andri Gunnarsson



Ekki náðist hópmynd af öllum þátttakendum ferðarinnar, sem voru: Oliver Lamb, Michael Pettersson, Krista Hannesdóttir, Ólafur Pétur Ágústsson, Clémence Daigre, Finnur Pálsson, Sjöfn Sigsteinsdóttir, Ingibjörg Eiríksdóttir, Hrafnhildur Hannesdóttir, Bjartur Hálfhásson, Ágúst Þór Gunnlaussón, Þórhildur Halla Jónsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson, Eyjólfur Magnússon, Hlynur Stefánsson, Einar Jón Ásbjörnsson, Ágúst Valfells, Guðmann Bragi Birgisson, Hlynur Skagfjörð Pálsson, Sveinbjörn Steinþórsson, Oddur Valur Þórarinnsson, Sigríður Soffía Jónsdóttir, Andri Gunnarsson og Guðfinna Alda.

„13. SEPTEMBERFERÐ“ Í JÖKULHEIMA

Undanfarin ár hefur verið farin afar vel heppnuð "13. septemberferð" í Jökulheima. Ferðin er aftur orðin að föstum lið í starfi félagsins og því verður leikurinn endurtekinn í haust. Frekari upplýsingar berast á vef og samfélagsmiðla félagsins er líða tekur á sumarið.



Spekingar spjalla og spá í mælitæki á Mýrdalsjökli.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfán Ágústsson